

8. fundur vetrarins, miðvikudaginn 4. apríl 2017 í Tíunni, Frístundamiðstöð Ársels í Árbæ

Ingibjörg Einarsdóttir formaður kynnti Bjarna Þórðarson forstöðumann Félagsmiðstöðvarinnar Tíunnar sem staðsett er í Árseli við Árbæjartorg.

Bjarni sagði frá gildi frístundastarfsins sem hefur forvarnargildi, menntunargildi og afþreyingargildi og er fyrir öll börn og unglinga í 5.-10. bekk. Þjónustuhópurinn telur 600 börn og unglinga í þremur skólum, Árbæjarskóla, Norðlingaskóla og Sæmundarskóla. Það eru opið bæði á daginn og á kvöldin, ýmsir viðburðir eru í gangi og ungmenni til 18 ára aldurs eru velkomin í félagsmiðstöðina þar sem er bæði ungmennaráð og fjölmenningatrymi. Þróunarverkefni er í gangi um gerð móttökuáætlunar Árbæjarskóla og Tíunnar sem unnið er í samstarfi við fjölmenningatrymi Tíunnar. Fjöldi nemenda með íslensku sem annað mál í hverfum Reykjavíkurborgar haustið 2016 voru um 1700, flestir í Breiðholti eða um 700, eru þetta skólatölur en ekki búsetutölur.

Bjarni kynnti fjölmenningatrymi *Tíunnar* til leiks sem var stofnað 6. maí 2016 og sagði

Alma Ösp 17 ára frá því að upphafið hafi verið hópur 13 stelpna í unglingadeild sem alltaf var í félagsmiðstöðinni til þess að hittast og hafa gaman og nú hafa tveir strákar bæst við. Þau fóru að skrifa VELKOMINN á ýmsum tungumálum á spjöld og hengdu á ganginn. Langaði að láta gott af sér leiða, hittast alla miðvikudaga og ræða hvað þau vilja bæta í skólanum og í kringum sig. Í hópnum núna eru krakkar sem eiga uppruna í Brasilíu, Indlandi, Litháen, Hvíta Rússalandi, Filippseyjum og á Íslandi.

Aðalstarfið undanfarið hefur verið að móta móttökuáætlun fyrir innflytjendur í Árbæjarhverfi og mynda móttökutrymi. Þau koma með tillögur út frá sinni reynslu og leggja t.a.m. áherslu á félagslega þætti og mikilvægi þess að vera tekinn í hópinn bæði í skólanum og fyrir utan hann. Einnig tóku þau þátt í fjölmenningargöngu á fjölmenningardaginn þar sem fólk kemur saman og fagnar sinni menningu og kynnir hana. Þau sóttu um ungmenntaskiptaverkefni á vegum Erasmus+ og fengu þær gleðifréttir á fundinum að þátttaka þeirra var samþykkt. Þetta þýðir að ítalskur hópur kemur í júní til þeirra og þau fara út í ágúst til Ítalíu og læra um fjölmenningu og að búa til tómatssósu frá grunni.

Bjarni tók við og sagði frá fjölmenningarvali í Árbæjarskóla sem er í bígerð og til þess ætlað að virkja nemendur betur. Mikilvægt að rýna í það sem má bæta og fá bæði skólaráð og nemendaráð með í vinnuna, t.a.m. er tillaga frá nemendum að nemendur fari ekki í námsver og einangrist þar og að hópaskipting sé fjölbreytt með það að markmiði að kynnast ólíkum einstaklingum. Hann kynnti Dagbjörtu Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóra í Fjölmenningu hjá Reykjavíkurborg sem sagði að verkefnið hjá *Tíunni* væri einstakt því þar séu krakkarnir mótandi aðilar. Fleiri félagsmiðstöðvar vinna núna í sama anda eins og *Sprettur* í Breiðholti og Háleitisskóli. Hugmyndafræðin er að **samlagast** en ekki **aðlagast** og reynslan af þessu verkefni er að mikilvægt er að virkja krakkana. Leynikryddið er að hafa brennandi áhugi fyrir málefnum, skapa samvinnu og traust meðal samstarfsaðila sem leiðir til sveigjanleika og svigrúms. Gleðin yfir því þegar vel tekst til hefur skilað sér í því að verkferlar og áherslur í móttökuáætlunum hafa breyst hjá ÞÁG (Þjónustumiðstöð Árbæjar-og Grafarholts). Núna er

t.d. fjölmenningsarhópur Tíunnar bæði ráðgefandi aðili og framkvæmdaraðili fyrir móttöku jafninga. Stefnt er að því að taka upp svonefndar vinafjölskyldur sem eiga að vera stuðningsnet sem ÞÁG heldur utan um. Styrkja á samvinnu þar sem nýjar fjölskyldur fá upplýsingar og kynningar á nýja hverfinu sínu. Þegar barn eða unglingur segir: „mér finnst ég ekki lengur ein/einn“ þá er tilgagni starfsins náð og það veitir jafnframt gleði.

Þetta voru ánægjuleg lokaorð og þakkaði Ingibjörg formaður fyrir fróða kynningu og þá einstöku tilviljun að fá að taka þátt í gleðifröttum kvöldsins með krökkunum um Erasmus styrkveitinguna. Bjarni fékk rós andríkis og sköpunargáfu og við færðum okkur úr salnum og upp í mötuneytið, þar sem við fengum kaffi og nammiköku í boði félagsmiðstöðvarinnar ásamt fleira góðgæti frá félagskonum.

Fundurinn hélt áfram og nú með formlegum hætti frá blaktandi loga kerta vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar sem Ingibjörg tendraði. 30 konur deildarinnar mættar. Edda las síðan fundargerð síðasta fundar.

Ingibjörg sagði frá því að konunum fimm sem boðið var í deildina þekktust allar boðið og eru spenntar. Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir og Edda Vikar úr afmælisnefnd sögðu frá fyrirhuguðu afmæli deildarinnar 1. júní nk. í Golfskála Garðabæjar og Kópavogs. Hefst fagnaðurinn kl. 17:30 með fordrykk úti á palli. Verðið er 4000 krónur fyrir mat, kaffi og konfekt. Vonast nefndin eftir góðri mætingu félagskvenna. Ingibjörg sagði að 13 konur úr deildinni hafi nú þegar skráð sig á Landssambandsþingið á Akureyri. Rútufarþegar verða því að stórum hluta úr öðrum deildum og mikil ásókn að fá að fljóta með. Hún upplýsti að á Evrópuþingið í Tallin fara hún og Ingibjörg Jónasar.

Ingibjörg J. sagði frá stofnun nýrrar deildar á Norðvesturlandi sem ber nafnið Nýdeild. Stofnfélagar eru 16-18 ungar konur, fullar af áhuga og tilbúnar að henda sér af stað í starfið. Formaðurinn heitir Jenný og eru 12 af þeim búnar að skrá sig á Landssambandsþingið. Hún var gestur á stofnfundinum og færði þeim eilífðarrós og bók um starf DKG á Íslandi 20 fyrstu árin, á fundinum var einnig Ingileif Ástvaldsdóttir í þelamerkurskóla gestur og talaði um hvað tengslanetið sem byggir í samtökunum væri stórkostlegt.

Ingibjörg Einarisdóttir formaður sleit fundi og slökkti á kertunum þremur og þær sem vildu skoðuðu húsnæði Ársels sem arkitektarnir Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall teiknuðu og var tekið í notkun árið 1981.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir